

Myndlistin nú á dögum

Bókmenntir

Erlendur Jónsson

ÍSLENSK LIST

Sextán íslenskir myndlistarmenn. 175 bls. Bókaútgáfan Hildur. Rvík 1981.

Þetta er glæsileg bók og vönduð — þættir um sextán myndlistarmenn, skráðir af rithöfundum og öðrum sem dómbærir eiga að teljast og bærir að gera efninu skil í rituðu máli.

Fyrst er þáttur eftir Jóhann Hjálmarsson um Alfréd Flóka. Jóhann lýsir list Flóka, bæði því sem við blasir á fleti ýmissa mynda hans, en skyggir einnig þann hugmyndafræðilega bakgrunn sem að baki þeim leynist. »Flóki hefur orðið fyrir margvíslegum áhrifum eins og allir listamenn,« segir Jóhann. Þau áhrif eru rakin hér býsna nákvæmlega. Alfréd Flóki er t.d. bókamaður, mikið lesin í ýmsum erlendum bókmenntum og hefur sótt margan innblástur í bækur. Alfréd Flóki er einn fárra núlifandi myndlistarmanna sem setja svip á umhverfið með persónu sinni. Í fyrstunni var myndlist hans eins og dálítið utan við það sem viðurkennt mat náði til, síðan hefur Alfréd Flóki orðið meira og meira í takt við tímann — tíminn hefur komið til hans! »List Flóka dregur dóm af evrópskri hefð: symbolisma fyrri alda, sürrealisma... Margt í myndum Flóka er spöttið úr undirvitundinni, myndirnar eru hugljómanir og vekja frekar grun en þær miðli vissu. Fegurð þeirra getur verið óhugnanleg, eins konar ný fegurð, endurmat,« segir Jóhann Hjálmarsson.


Þá ritar Jóhann um Einar G. Baldvinsson. Einar telst nú orðið

til eldri kynslóðar íslenskra myndlistarmanna, kominn á sjö-tugsaldur. Ef til vill má skoða það svo að list hans sé andstæða við Alfréd Flóka. »Skýringin á því,« segir Jóhann Hjálmarsson, »að hann skuli ekki vera þekktari málari en raun ber vitni er m.a. sú að hann hefur sjaldan sýnt verk sín opinberlega. Gerist það að Einar haldi sýningu ber lítið á því.« Vonandi verður þessi þáttur til að vekja verðskuldaða athygli á Einari og list hans.

Ásgerður Búadóttir færði út landmörk íslenskrar myndlistar með listvefnaði sínum. Guðbjörg Kristjánsdóttir ritar hér um hana. Til vefnaðar hafa Íslendingar þekkt jafnlangi og þeir hafa byggt landið en lítið á hann sem heimilisíðnað fremur en list. Guðbjörg segir ekki ofmælt að Ásgerður hafi »skipað sér í raðir fremstu vefara á Norðurlöndum. Það sanna betur en nokkuð annað þeir frábæru dómar sem hún hefur jafnan hlotið fyrir verk sín og eins hitt að hún var ráðin til að vinna listaverk í aðalstöðvar menningarmálanefndar Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn.«

Næst er þáttur af Leifi Breiðfjörð, höfundur Aðalsteinn Ingólfsson. Bandamaður ljósins kallar Aðalsteinn þátt sinn. Leifur er nokkuð sér á blaði því hann hefur lagt stund á glermyndagerð. Segir Aðalsteinn það vera »mörgum hulin ráðgáta hvernig Leifur Breiðfjörð glermyndasmíður hefur farið að því að halda sér síferskum og frjóum í list sinni, í landi sem á sér nær enga hefð í glermyndagerð og enga glermyndasmíði, — nema hann sjálf.« Aðalsteinn fer síðan ofan í faglegu hliðina á list Leifs og er þátturinn býsna fróðlegur í þeim skilningi.

Annan þátt ritar Aðalsteinn



Jóhann Hjálmarsson



Þorsteinn frá Hamri

Ingólfsson — um Gunnar Örn. Hann telst til yngri kynslóðar íslenskrar myndlistarmanna, hálf-fertugur. »Þegar Gunnar Örn hóf sjálfsnám sitt í myndlist, fyrir fimmtán árum eða svo,« segir Aðalsteinn, »var hann ekki í neinum vafa um að hann ætlaði að verða málari og hann ætlaði að mála fólk.« Aðalsteinn getur þess einnig að Gunnar Örn hafi strax byrjað að vinna sig í álit hjá gagnrýndum. Þættinum fylgja andlitsmyndir eftir listamanninum sem renna stöðum undir þá fullyrðing.

Þorsteinn frá Hamri er hér höfundur þriggja þátta. Fyrst ritar hann um Magnús Tómasson, sem er lítið eitt eldri en Gunnar Örn. Magnús er hress og ómyrkur í máli, telur listamenn njóta hér lítills stuðnings, þeir sem freistist til að kalla sig atvinnumenn séu í rauninni hobbymenn og verði að hafa ofan af fyrir sér með annarri atvinnu. »Aftur á móti virðast þeir, sem hvað gæði og hæfileika snertir ættu að kallast tómstundamálarar í slökum gæðaflokki, hafa góða afkomumöguleika sem myndlistarmenn.«

Þá ritar Þorsteinn um Hring Jóhannesson. Hringur fetar að því leyti í spor gömlu malaranna, að hann hefur áunnið sér almennar vinsældir með list sinni. Þorsteinn lýsir þróuninni í list Hrings sem

»hefur ekki gerzt í stökkum, heldur verið jöfn og sigandi.« Segir Þorsteinn að hann hafi nálgast »æ meir umhverfið með ummerkjum mannsins í náttúrulegum raunsæisverkum.«

Þriðji þáttur Þorsteins er af Þorbjörgu Höskuldsdóttur. Hún hefur meðal annars unnið við leikhús og segir að sú vinna sé »taugastrekkjandi, krefst mikils, en gefur líka mikið um leið.« Þorbjörg lýsir því vel hversu nauðsynlegt það er listamanni að geta unnið óskiptur að list sinni án þess að tími hans sé tættur í sundur.

Matthías Johannessen ritar þátt af Braga Ásgeirssyni og nefnir hann Fjaran og ég urðum vinir. »Bragi er einn fjölhæfasti myndlistarmaður sinnar kynslóðar á Íslandi,« segir Matthías, »og hafa verk hans tekið miklum stakka-skiptum frá því hann hélt fyrstu einkasýningu sína í Listamannaskálanum gamla við Kirkjustræti vorið 1955.« Þátturinn sjálfur er ekki langur en á eftir honum fer »Bréf til Braga«, ljóðabréf sem Matthías sendir listamanninum með þessu fororði: »Smásjá hugans — ferðalag frá einni hugmynd til annarrar.«

Bera Nordal skrifar um Jóhannesson. Jóhannesson er síbreytilegur, en samt traustur mál-

ari,« segir Bera. Einnig minnir hún á að strax og Jóhannesson kom heim frá námi 1946 hafi hann gengið í flokk þeirra sem vildu fara nýjar leiðir í myndlist og hafi hann og samherjar hans átt tor-sótta leið fyrir höndum að afla abstrakt listinni viðurkenningar. Ekki er það djúpt í árinna tekið. En ætli árin, sem í hönd fóru, hafi ekki verið eitthvert litríkasta skeiðið í íslenskri myndlist, svo í raunverulegum sem í afstæðum skilningi — þrátt fyrir erfiðleikana.

Þá er komið að Einari Hákonarsyni en um hann ritar Sigurður A. Magnússon. »Kornungur að árum varð Einar Hákonarson tíma-mótamaður í íslenskri myndlist,« segir Sigurður. Hann telur það vera eitt megineinkenni Einars hve hreint hann gangi til verks, »hve heill og fumaus hann er í því sem hann skapar.«

Um Baltasar er þáttur skrifaður af Árna Bergmann. Þar er heilmikið um pólitík en því miður fátt um hina ágætu list Baltasars sem í minni meg festast.

Myndhöggvarar eru hér í minnihluta en sem betur fer ekki útilokaðir því sérstæður og skemmtilegur þáttur er hér um Jón Gunnar Árnason eftir Guðberg Bergsson. Ómurinn, ofsinn og mildin kallar Guðbergur þáttinn sem endar á þessum spaklegu orðum:

»Einhver ríkasti þáttur í eðli listamanns er það, að hann sættir sig hvorki við lífið né viðurkennir það sem óbrotna náttúru. Af þeim sökum reynir hann sífellt að breyta því, bíta það niður og færa það í ný form: buning listaverka.«

Lífrænar viddir kallar Baldur Óskarsson þátt sem hann ritar um Vilhjálm Bergsson. Þar er vel lýst þróuninni í list Vilhjálms sem Baldur kveður hafa átt sín blóma- og hnignunarskeið. Einnig má segja að úttekt sé hér gerð á nútímalistinni, tækni þeirri sem hún hefur yfir að ráða og eins hinu hvernig nútímalistamanninum gengur að nýta sér þá tækni.

Á mörkum ljóns og krabba nefnist þáttur Thors Vilhjálmssonar um Ragnheiði Jónsdóttur. Ragnheiður er ekki aðeins ágæt listakona. Hún á sér einnig myndrænar endurminningar. Hún minnst t.d. afa síns sem »var með ógnarstórt nef vegna tóbakseitr-

Raunsæ saga

Bókmenntir

Jenna Jensdóttir

Andrés Indriðason:

Polli er ekkert blávatn

Mál og menning —

Reykjavík — 1981

Er Andrés Indriðason fór að birta leikrit sín og sögur var ekki um að villast að þar fór maður sem næmur er á samfélagi sína og þá hættu sem uppvaxandi kynslóð stafar af losaralegum þjóðfélags-háttum samfara lífshæðingdargræðgi.

1979 kom út bókinn Lyklabarn sem verðlaunasaga Máls og menningar í tilefni af barnaári.

Polli er ekkert blávatn fjallar um drenginn Pál, sem er 10 ára, og fjölskyldu hans. Margir aðrir koma þar við sögu. Faðir Polla, Einar, sem er leigubílstjóri, drýgir tekjur sínar með smygli og er óreglusamur.

Móðirin, Þorbjörg, er hár-greiðslukona, sem veit hvað hún vill og er ekki við eina fjölinu felld. Svo er litla Systa, 5 ára.

Sagan hefst á því að Polli er farinn að heiman og ætlar aldrei að koma aftur. Það hefur orðið ein rífrildishrynan enn milli foreldra hans út af Geira Pé, sem er á sinn átt bólváldur fjölskyldunnar.

Geiri Pé. er óreglusamur skipstjóri sem siglir milli landa. Hann er vinur föðursins, tengsl þeirra er næstum órjúfanleg og heimilis-fríðurinn fer eftir því.

Bls. 24: »Góði besti, segirðu, hélt

pabbi hans áfram. Af hverju heldurðu að við séum á grænni grein? Jú. Af því að Geiri hefur fært okkur björg í bú. Það er hann sem hefur hjálpað okkur til að eignast það sem við eigum, hvort sem þér líkar það betur eða verr. Þetta er allt honum að þakka. Íbúðin og allt. Heldurðu að maður hefði getað keypt þessar finu stereógræjur með jafntónara, dolby og fjórum hátölurum af stærstu gerð ef maður hefði ekki haft auka klink milli handanna? Ég er hræddur um ekki.«

Seinna á sömu bls.: — »Mér er sama hvað þú segir, sagði mamma hans loks. Ég er búin að hugsa mikið um þetta. Nú er þessu lokið. Ég vil ekki að þú komir nálægt þessum manni. Ég vil það ekki. Ef hann kemur hingað inn fyrir dyr, þá kalla ég á lögregluna.«

Tíu ára drengurinn Polli á ekkert athvarf annað en heimilið sitt. Og áður en síðasti strætisvagnur fer úr miðborginni í Háaleitisbrautina hefur Polli gert sér það ljóst að hann þráir ekkert heitar en komast heim til sín aftur.

Aðkoman heima er ekki glæsileg. Loks hefur móðirin gert alvöru úr því sem hún var búin að heita svo oft, að Polli var hætstur að trúá henni. Hún er farin að heiman með Systu til móður sinnar.

Faðirinn er heima og leggur kapal.

Bls. 36: »Þá erum við víst orðnir einir, Polli minn, sagði hann alvarlegur í bragði.

Polla brá. Hann fann að hann

varð allt í einu heitur í andlitinu. Hann fann hvernig hjartað tók kipp og fór að slá örar.«

Nú hefst þrautaganga lítills drengs. Hann kemur til ömmu sinnar þar sem þær mæðgur dvelja. Þar hittir hann Dúddu frænku, sem er ógift og á ekki börn. Hún hefur frá mörgu að segja.

Polli dvelur áfram heima með föður sínum, þar sem Geiri Pé. gengur um að vild og raskar stundum svefnfríði annarra íbúa hússins.

Fyrir Polla er ástandið óbærilegt.

Bls. 46: »Polli minn, við skulum ekki vera að tala um þetta. Geiri er finn náungi hvað sem mamma þín segir.

— Mér finnst hann leiðinlegur. Hann er alltaf fullur.«

Seinna á sömu bls. og bls. 47:

— Ég á von á að hann komi með vídeó handa okkur.

— Vídeó?


— Já. Myndsegulbandstæki.

Hann fær þetta fyrir slíkk úti og getur laumað því í land framhjá tollurunum. Hann sagði að ég væri búinn að selja svo mikið fyrir sig að ég ætti þetta meira en skilið. Ég mætti líta á þetta sem nokkurs konar viðurkenningu fyrir vel unnin störf. Skilurðu hvað ég meina?

— Já.

— Segðu svo að það sé ekki gott að þekkja svona menn.«

Faðir Polla og Geiri Pé. eru hrokafullir oflátungar í tali, en dæmigerðar mannleysur í háttum



Andrés Indriðason

sínum. Báðum verður þeim hálft á liferni sínu áður en sögunni lýkur.

Það er mikið áfall fyrir Polla þegar móðir hans og Systa litla fara til Spánar. En þar höfðu þau öll þrjú dvalið um tíma áður en móðir hans fór að heiman. Polli kemst óvænt að því að móðir hans á vin á Spáni.

Þau eru ólík bréfin sem móðir og sonur skrifa hvort öðru. Stuttort bréf og kort til hans fjalla um hversu vel hún skemmtir sér. Bréfin hans eru löng og hlý. Hann reynir að bera föður sínum vel söguna. Í báðum bréfum sínum segir hann: »Viltu skrifa pabba líka.«

Nokkrir kaflar í sögunni fjalla um skólaveru Polla, kennara hans

og skólasystkini. Einnig hér tekst höfundur vel. Hann er raunsær og lýsir atburðum og samskiptum innan skólans trúverðuglega.

Að mínum dómi er sterkasti þráður sögunnar sá, að höfundur reynir hvergi að gera þennan einmana dreng að hetju sem ræður fram úr vandamálum. Þvert á móti. Hann er að vísu duglegur en oft ráðþrota og hrekst með örlögum sínum.

Að vísu eru hugsanir og stundum tal Polla þroskaðra en aldur hans ræður við.

Að mínu viti notar höfundur þessa aðferð til að fordæma þær freistingar sem sækja fast á höfunda er þeir fjalla um viðkvæm vandamál — að koma sér sjálfum að í prédikunum.

Höfundur notar þá leið, að láta Polla tala og hugsa fullorðinslega, og þrátt fyrir það þykir mér þessi aðferð fremur styrkja söguna en veikja.

Málfar föðursins og Geira Pé. er aumt og stundum svo að það fer í taugarnar á lesanda.

En líka það er sótt í veruleika samtímans og kannski ekki ástæða til að amast við af þeim sökum.

Sagan er fjórlega skrifuð og hvergi ráðist að neinum með fordómum. Hún er sögð blátt áfram. Og öll vitum við að svona er til í mörgum tilfellum, og getur verið úr hvaða stétt þjóðfélagsins sem er.

Skemmtileg er kápumyndin eftir Pétur Halldórsson. Frágangur bókarinnar er góður.